

Reglur Glerárskóla um farartæki á hjólum

- Notkun reiðhjóla, hjólabretta, hlaupahjóla og línuskauta er óheimil á skólalóðinni á skólatíma, frá kl. 08:00–16:00, nema á hjólabrautinni norðan við skólann á úthlutuðum tíma. Ætlast er til að nemendur leiði hjól að hjólabraut.
- Nemendur í 2. – 10. bekk mega koma á farartækjum á hjólum í skólann.
- Nemendum í 2. og 3. bekk er óheimilt að nota farartæki á hjólum á skólalóðinni á skólatíma eða frá kl.08:00–16:00.
- Nemandi sem kemur á farartæki á hjólum í Glerárskóla gerir það á ábyrgð forráðamanna sem skulu meta færni og getu nemandans sem og aðstæður til að koma á slíku tæki í skólann.
- Nemandi skal ætíð nota hjálm og annan viðeigandi öryggisbúnað miðað við það farartæki sem hann er á í skólanum eða annarsstaðar þar sem hann er á vegum skólans.
- Þegar komið er á farartæki á hjólum í skólann á að geyma það læst á skólalóðinni í eða við hjólagrindur. Rafknúnum tækjum skal leggja á bílastæði. Skólinn ber enga ábyrgð á farartækjum þessum. Ef þau týnast, skemmast eða er stolið getur viðkomandi kært til lögreglu.
- Ef nemandi notar farartæki á hjólum á skólalóð á skólatíma, á annan hátt en getur um í reglum skólans, mun skólinn hafa samband við forráðamenn og biðja þá að sækja tækið.
- Rafknúin farartæki eru ekki leyfileg á skólalóðinni á skólatíma, hvorki við hjólabraut né annarsstaðar.

Vert er að taka fram að á hjólabraut norðan við skólann eru tvö tæki sem eingöngu eru ætluð nemendum 10 ára og eldri. Þessi tæki eru merkt með rauðri línu og aldursmörkum.